

Pétur I Haraldsson,
Skipulagsstjóri uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. júlí 2014
Tilvísun: UST20140600023/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 - 2016, vegna stækunar Búrfells

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu er barst 4. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 vegna stækunar Búrfellsvirkjunar. Í gildandi aðalskipulagi er svæði Búrfellsvirkjunar skilgreint sem iðnaðarsvæði í bland við opið svæði til sérstakra nota. Í breytingartillöggunni felst að hluti svæðis Búrfellsvirkjunar verður skilgreint alfarið sem iðnaðarsvæði, restin er áfram skilgreind sem iðnaðarsvæði í bland við opið svæði til sérstakra nota.

Náttúruminjar

Í gildandi aðalskipulagi nær svæði Búrfellsvirkjunar inn á hluta svæðis á náttúruminjaskrá sem er nr. 731 í skránni: Þjórsárdalur, Gjain og fossar í Fossá. Við breytinguna verður hluti svæðis á náttúruminjaskrá alfarið inni á iðnaðarsvæði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að forðast verði allt óþarfa rask innan svæðis á náttúruminjaskrá og að tekið verði tillit til lífríkis og fuglalífs á þessum hluta bakka Fossár ef þess er nokkur kostur.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er það stefna þess að farið er varlegar í framkvæmdir á svæðum á náttúruminjaskrá (bls.65 í greinargerð).

Áætlaðar breytingar á svæði II A

Svæðið sem gerð er tillaga um að breyta í iðnaðarsvæði mun ná til núverandi svæðis Búrfellsvirkjunar og framkvæmdasvæði í tengslum við stækun virkjunar og er um 530 ha. Framkvæmdin felur í sér stækun Búrfellsvirkjunar um allt að 140 MW, með nýju stöðvarhúsi í Sámsstaðaklifi ásamt tengdum framkvæmdum. Samhliða því breytist rennsli Þjórsár minna vatn fer suðurfyrir Búrfell en vatn í neðsta hluta Fossár eykst sem því nemur allt að 140 m³. Ofangreint svæði hefur þegar verið raskað á framkvæmdatíma núverandi virkjunar.

Áætlaðar breytingar á svæði II

Svæði II er áfram skilgreint sem iðnaðarsvæði í bland við opin svæði til sérstakra nota og þar er heimiluð orkuvinnsla með vindrafstöðvum allt að 1,9 MW vestarlega á Hafinu.

Námur

Gert er ráð fyrir tveimur efnistökusvæðum. Grjótnáma við Sámsstaðamúla innan

iðnaðarsvæðis II. Gert er ráð fyrir efnistöku allt að 150.000 rúmmetrar. Náma við Ísakot með sýllingaresni í steypu á svæði II. Gert er ráð fyrir að efnistaka verði allt að 30.000 rúmmetrar. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að gengið verði frá efnistökusvæðum að efnistöku lokinni.

Umhverfisáhrif

Fram kemur í greinargerð með breytingartillöggunni að áhrif ofangreindra framkvæmda á lífríki Fossár og fuglalíf við hana séu óviss, en að framkvæmdir geti truflað fuglalíf og skert búsvæði fugla. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að við framkvæmdir verði tekið tillit til búsvæða fugla ekki síst á varptíma þegar þess er nokkur kostur, ekki síst á svæði á náttúruminjaskrá við Fossá.


Einnig kemur fram að rennsli Þjórsár sunnan Búrfells muni skerðast enn frekar. Að mati Umhverfisstofnunar hafa áhrif á fossa og flúðir að miklu leyti fram komin við fyrri virkjun.


Niðurstaða

Fyrirhuguð virkjun mun nýta betur þá vatnsmiðlun sem er nú þegar fyrir hendi á svæði sem þegar hefur verið virkjað. Fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur þegar verið raskað.

Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að forðast verði óþarfa rask á svæði á náttúruminjaskrá og fuglasvæðum og að leitast verði við að halda umhverfisáhrifum framkvæmda í lágmarki.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun